


Kaupleiðbeiningar

# Svefn ungbarna

ungbarnarúm, dýnur og aukahlutir



## Öryggi og þægindi fyrir þau minnstu

Það er yndislegt að verða foreldri, en það getur líka verið mjög streituvaldandi. Þess vegna prófum við öll ungbarnarúmin vandlega til að fullvissa okkur um að þau standist ströngustu staðlana sem til eru í heiminum. Ungbarnarúmin okkar eru endingargóð, stöðug og aðlagast sístækkandi barninu. Því getur þú líka sofið vært og rótt.

## Fyrir góða drauma og öruggan svefn

Ekkert foreldri ætti að þurfa að velja á milli þess sem efnahagurinn leyfir annars vegar og öryggis og þæginda barnsins hins vegar. Það höfðum við í huga þegar við hönnuðum ungbarnadýnurnar okkar. Allar dýnurnar okkar eru stífar, anda vel og standast ströngustu öryggiskröfur. Því verður það ekki bara barnið sem sefur vel á næturnar.

Vörur geta verið tímabundið ófánlegar í versluninni. Vinsamlega hafðu samband við starfsfólk í verslun eða kíktu á [IKEA.is](https://www.ikea.is) til að fá nánari upplýsingar. Til að fá ítarlegri upplýsingar um vörurnar er hægt að skoða verðmiðann á vörunni eða vefinn. Allar einingarnar þarf að setja saman.



# Öryggi alltaf í fyrirrúmi

## Öryggi barna er alltaf í fyrirrúmi hjá okkur.

Vörurnar okkar eru hannaðar og prófaðar til að standast allar öryggiskröfur í þeim löndum þar sem þær eru seldar. Við prófum einnig allar barnavörurnar okkar í okkar eigin viðurkenndu rannsóknarstofu í Svíþjóð og í sjálfstæðum viðurkenndum rannsóknarstofum og stofnunum víða um heim.

IKEA uppfyllir eftirfarandi öryggisstaðla fyrir ungbarnarúm og ungbarnadýnur: Ungbarnarúm á Evrópumarkaði eru prófuð á rannsóknarstofum í Evrópu og uppfylla Evrópustaðal EN 716-1. Dýnur í ungbarnarúm á Evrópumarkaði uppfylla Evrópustaðal EN 16890, sérákvæði sem sett var fram af Staðlasamtökum Evrópu, Comité Européen de Normalisation (CEN).


Hafðu vinsamlega samband við Neytendastofu ef þú vilt kynna þér sérstök öryggisatriði eða staðla betur.

## Hvernig eru ungbarnarúmin prófuð?

Öll ungbarnarúmin fara í gegnum nokkrar mismunandi prófanir til að tryggja að þau séu örugg. Fyrst er athugað hvort á þeim séu hlutar sem skaga út, lausir hlutir eða festingar og hvort það séu einhverjir hvassir kantar. Svo eru öll op og bil á milli rimla á hliðum og í botni mæld. Ungbarnarúmið fer í gegnum höggpróf og þrýstingspróf til að prófa styrk, stöðugleika og endingu og til að vera viss um að rimlarnir snúist ekki eða færast úr stað og myndi hættuleg bil. Rúmbotninn er einnig prófaður. Fyrir Evrópumarkað er hann til dæmis prófaður þannig að 10 kg eru látnar detta ofan á hann 1.000 sinnum frá fimm mismunandi staðsetningum.

Sömu próf eða svipuð eru gerð á rúmbotnunum fyrir alla markaði þar sem ungbarnarúmin okkar eru seld, en þau geta verið örlítið mismunandi eftir þeim kröfum sem eru gerðar í viðkomandi löndum.

## Gott að vita



1. Til að koma í veg fyrir köfnunarhættu eru engir smáhlutir sem hægt er að fjarlægja eða losa.
2. Rúnnuð horn og kantar.
3. Loftræstur botn til að koma í veg fyrir myglumyndun.
4. Sterkur rúmbotn.
5. Gatið á milli rimlanna er sérstaklega hannað til að tryggja öryggi (barnið getur ekki fest hausinn á milli).
6. Stöðugt og endingargott.
7. Efniviður og yfirborðsefni eru án eiturefna.

# Svona velur þú

## Hverjar eru þarfinnar?


Barnið og þú eigið bæði eftir að sofa betur ef þú hefur barnið í ungbarnarúmi. Ungbarnarúm umlykur barnið svo að það getur ekki dottið fram úr og loft flæðir vel um rúmið svo að barninu verður ekki of heitt. Flest ungbörn sofa fast og vakna ekki auðveldlega við hljóð, raddir eða tónlist. Þau sofa samt sem áður ekki lengi í einu og vakna oft. Lokað ungbarnarúmið veitir barninu þínu öryggis- og verndartilfinningu.

Hjá okkur finnur þú ungbarnarúm í sígildum eða nútímalegum stíl. Veldu það sem passar þínu heimili.


| Ungbarnarúm | Tvær stillingar | Þrjár stillingar | Hægt að fjarlægja hlið | Með hirslu | Með öryggisgrind |
|-------------|-----------------|------------------|------------------------|------------|------------------|
| GULLIVER    | ●               | —                | ●                      | —          | —                |
| GONATT      | ●               | —                | ●                      | ●          | —                |
| SNIGLAR     | ●               | —                | —                      | —          | —                |
| SMÁGÖRA     | ●               | —                | ●                      | —          | —                |
| SUNÐVIK     | ●               | —                | ●                      | —          | —                |
| MYLLRA      | —               | ●                | ●                      | ●          | ●                |

## Hannað til að stækka með barninu


Mismunandi heimilisaðstæður kalla eftir mismunandi lausnum – en öll börn stækka hratt. Þess vegna er hægt að fjarlægja hlið af sumum ungbarnarúmum okkar, þegar barnið er nógu stórt til þess að geta klífrað sjálft í og úr rúminu, og þar með breytt ungbarnarúminu í barnarúm.



1. Á meðan barnið er mjög lítið er rúmbotninn hafður í hærri stöðunni.




2. Lækkaðu rúmbotninn niður í neðri stöðuna þegar barnið fer að sitja sjálft.




3. Hægt er að taka eina hliðina af þegar barnið er orðið það stórt að það getur farið sjálft upp úr og ofan í rúmið.


①



②




③




## MYLLRA ungbarnarúm

Hægt er að stilla rúmbotninn í þrjár mismunandi hæðir.


①



②



③



# Allar einingar

## Ungbarnarúm

Við erum með mikið úrval af ungbarnarúmum í mismunandi stílflokkum og áferðum. Það skiptir ekki máli hvaða ungbarnarúm þú velur, þú getur alltaf verið viss um að hvert smáatriði sé þaulhugsað. Öryggisins vegna ætti alltaf að nota dýnu í sömu stærð og ungbarnarúmið til að koma í veg fyrir að það myndist bil á milli þeirra þar sem barnið getur fest höfuðið.



**GULLIVER ungbarnarúm**, 60×120 cm. Hægt er að hafa botninn í tveimur mismunandi hæðum. Hægt er að fjarlægja eina hlið ungbarnarúmsins þegar barnið er nógu stórt til að klifra upp í og upp úr því. Svefnhverfi barnsins er öruggt og þægilegt því endingargott efnið í rúmbotninum hefur verið prófað þannig að tryggt sé að líkami þess fái nauðsynlegan stuðning. Góð loftræsting er í botninum, sem veitir barninu þínu betri aðstæður til að sofa vært.

Hvít [102.485.19](#)  
Grænt [205.895.03](#)



**MYLLRA ungbarnarúm**, 60×120 cm. Ef þú vilt skapa fallega heild í barnaherberginu getur þú bætt við SMÁSTAD hirsalum en þær passa fullkomlega með rúminu. Barnið er öruggt í rúminu jafnvel þó þú takir hliðina af þar sem öryggisgrind er innifalin.

Hvít [904.835.84](#)



**SMÄGÖRA ungbarnarúm**, 60×120 cm. Hægt er að hafa botninn í tveimur mismunandi hæðum. Svefnhverfi barnsins er öruggt og þægilegt því endingargott efnið í rúmbotninum hefur verið prófað þannig að tryggt sé að líkami þess fái nauðsynlegan stuðning. Góð loftræsting er í botninum, sem veitir barninu þínu betri aðstæður til að sofa vært.

Hvít [504.612.30](#)



**SNIGLAR ungbarnarúm**, 60×120 cm. Hægt er að hafa botninn í tveimur mismunandi hæðum. Svefnhverfi barnsins er öruggt og þægilegt því endingargott efnið í rúmbotninum hefur verið prófað þannig að tryggt sé að líkami þess fái nauðsynlegan stuðning. Góð loftræsting er í botninum, sem veitir barninu þínu betri aðstæður til að sofa vært.

Beyki [302.485.37](#)



**SUNDVIK ungbarnarúm**, 60×120 cm. Hægt er að hafa botninn í tveimur mismunandi hæðum. Hægt er að fjarlægja eina hlið ungbarnarúmsins þegar barnið er nógu stórt til að klifra upp í og upp úr því. Svefnhverfi barnsins er öruggt og þægilegt því endingargott efnið í rúmbotninum hefur verið prófað þannig að tryggt sé að líkami þess fái nauðsynlegan stuðning. Góð loftræsting er í botninum, sem veitir barninu þínu betri aðstæður til að sofa vært.

Hvít [402.485.67](#)



**ÅLSKVÄRD ungbarnarúm**, 60×120 cm. Hægt er að fjarlægja eina hlið ungbarnarúmsins þegar barnið er nógu stórt til að klifra í og úr því. Þú getur lækkað rúmbotninn þegar barnið þitt getur sjálfst setið uppi. Barnið er öruggt í rúminu jafnvel þó þú takir hliðina af þar sem öryggisgrind er innifalin. Ef þú vilt skapa fallega heild í barnaherberginu getur þú bætt við ÅLSKVÄRD skiptiborði en það passar fullkomlega með ungbarnarúminu.

Birki/hvít [503.148.09](#)

## Ungbarnavagga



**ÅLSKVÄRD ungbarnavagga**, 40×73 cm. Vaggan er úr við og netefni. Þú getur ávallt haft barnið í augunum því einfalt er að færa vögguna til og frá, en þú getur einnig læst hjólunum fjórum svo hún standi stöðug.

Birki [103.148.11](#)

## Tengdar vörur

Auktu þægindin og notalegheitin í svefnhverfi barnsins.




**GULDVÄVARE rimlahlíf**, 60×120 cm. Mjúk fyllingin kemur í veg fyrir að barnið reki hausinn, handleggji eða fætur í harða rimlana. Hlífir er heil og því er auðvelt að festa hana á rúm með fallegu borðunum.

Dökkgult [905.736.93](#)



**GULDVÄVARE órói**. Óróinn er með mjúkum fígúrum í nokkrum litum og grípur athygli barnsins fyrir ofan skiptiborðið.

Marglitt [105.736.54](#)



**SANDBI órói**. Vínaleg ugla, litrík maríubjalla, forvitin býfluga og skemmtileg mús dansa fyrir ofan skiptiborðið. Mjúkar hreyfingar og fígúrir í björtum litum fanga athygli barnsins og örva sjón og forvitni.

Skandinavísk náttúra/marglitt [205.644.56](#)

# Svona velur þú dýnu í ungbarnarúm

## 1. Veldu efni

Veldu á milli spring- eða svampdýnu. Öll efnin eru örugg og heilsusamleg. Ef þú ert ekki viss um hvað skuli velja skalt þú íhuga hvernig dýnu þér þyki best að sofa á.

**Springdýnur:** Springdýnurnar eru með pokagormum.

Uppbygging gormanna eykur loftflæðið um dýnuna, sem tryggir þægilegt hitastig. Utan um gormana er svampur sem hlífir, eykur þægindin og lengir endingartímann.

**Svampdýnur:** Svampdýnur eru ýmist úr góðum pólýúretansvampi eða eftirgefanlegum svampi sem er vel sniðinn, endingargóður og gerður til að sofa á. Þess vegna eru svampdýnur öruggt val fyrir ungbarnarúm. Eftirgefanlegur svampur er endingargóður, léttir á þrýstingi og veitir stækkandi barni góðan stuðning og þægindi.

**3D-dýnur:** Léttur og opinn dýnukjarninn veitir gott loftflæði og hefur því ekki mikil áhrif á líkamshita barnsins. Eins og með allar aðrar vörur úr Barna IKEA hefur dýnan farið í gegnum krefjandi prófanir þar sem ströngustu öryggisreglum sem gerðar hafa verið er fylgt eftir. Ekki sakar að það er hægt að þvo bæði kjarnann og áklæðið.


## 2. Hverjar eru þarfirnar?

Hvað býstu við að nota dýnuna í mörg ár? Áætlaður notkunartími hefur áhrif á hvaða dýnu þú ættir að velja. Ef þú vilt nota sömu dýnu eftir að barnið er orðið aðeins eldra ættir þú að velja þykkari og endingarbetri dýnu sem veitir eldri börnum betri stuðning þar sem þau eiga það til að standa upp og hoppa í ungbarnarúminu.

## 3. Veldu dýnu

Á næstu síðum finnur þú frekari upplýsingar um dýnur í ungbarnarúm.

## Gott að vita




1. Allar ungbarnadýnurnar eru stífar, til að gera svefnumhverfið öruggara fyrir barnið.
2. Allar dýnurnar draga úr þrýstingi þar sem þær eru gerðar úr pokagormum og eftirgefanlegum svampi.
3. Áklæði úr efni sem tryggir betra loftflæði.
4. Það loftar vel um allar ungbarnadýnurnar þar sem vandað hefur verið til verka við efnisval og uppbyggingu.
5. Áklæði má taka af og þvo, sem skapar heilnæmt svefnumhverfi fyrir barnið.

# Allar ungbarnadýnur

Dýnurnar í ungbarnarúmin eru gerðar úr öruggu og sjálfbæru efni. Þær eru allar lausar við skaðleg efni, lofta vel og veita því öruggt og þægilegt svefnumhverfi fyrir barnið. Á sumum eru handföng sem auðveldar þér að búa um rúmið. Efnin hafa mismunandi eiginleika. Svampur er eftirgefanlegur og dreifir vel þyngd barnsins. Það gerir eftirgefanlegur svampur einnig, auk þess sem hann nær fljótar fyrri lögun og endist lengur.

## Svampdýnur



### Leiðbeiningar um umhirðu

Áklæði:



**PLUTTIG.** Dýnan er úr 5 cm þykkum svampi og er með sama mjúka yfirborðið á báðum hliðum. Þú getur auðveldlega snúið henni ef þú vilt. Hægt er að þurrka af áklæðinu en ekki taka það af.

60×120 cm

[003.145.81](#)



### Leiðbeiningar um umhirðu


Áklæði:



**PELLEPLUTT.** Dýnan er úr 6 cm þykkum svampi og er með sama yfirborðið á báðum hliðum. Þú getur auðveldlega snúið henni ef þú vilt. Áklæðið má taka af og þvo á 60°C.

60×120 cm

[003.364.13](#)



### Leiðbeiningar um umhirðu

Áklæði:



Innra áklæði:  
Þurrkið af með rökum klút.

**SKÖNAST.** Dýnan er úr 8 cm þykkum eftirgefanlegum svampi sem dregur úr þrýstingi, fylgir eftir líkama barnsins og veitir þægilegan stuðning. Áklæðið má taka af og þvo á 60°C.

60×120 cm


[703.210.12](#)

Springdýnur eru með pokagormum sem fylgja hreyfingum barnsins.

3D-dýnu er auðvelt að þvo og því hentar hún einstaklega vel á fyrstu árum barnsins.

Öryggisins vegna ætti alltaf að nota dýnu í sömu stærð og ungbarnarúmið til að koma í veg fyrir að það myndist bil á milli þar sem barnið getur fest höfuðið í.

## Springdýna



### Leiðbeiningar um umhirðu

Áklæði:



Innra áklæði:  
Þurrkið af með rökum klút.

**JÄTTETRÖTT.** Dýnan er 11 cm þykk, með pokagormum sem eru umvafðir þykku lagi af eftirgefanlegum svampi. Barnið fær stuðning á réttum stöðum þar sem gormarnir hreyfast hver fyrir sig og fylgja hreyfingum líkamans. Uppbyggingin veitir gott loftflæði sem gerir svefnumhverfið þægilegt. Hentugt handfang auðveldar þér að bera dýnuna og snúa henni við í rúminu. Áklæðið má taka af og þvo á 60°C.

60×120 cm

[403.210.04](#)

## 3D-dýna



### Leiðbeiningar um umhirðu

Áklæði:



Innra áklæði:  
Þurrkið af með rökum klút.

**HIMLAVALV.** Við vitum að blautar dýnur geta valdið vandræðum fyrstu ár barnsins, líkt og ryk og ofnæmi. Þess vegna hönnuðum við HIMLAVALV 3D-dýnu fyrir ungbarnarúm. 10 cm þykk dýna með nýjum innri kjarna sem hægt er að skola í sturtunni og láta þorna á náttúrulegan hátt. Áklæðið má einnig taka af og þvo á 60°C. Það er einmitt það sem þú þarft til að rúmið sé tilbúið fyrir þægilegan og góðan nætursvefn.

60×120 cm


[903.210.06](#)

## Dýna fyrir ungbarnavöggu



### Leiðbeiningar um umhirðu

Áklæði:



Innra áklæði:  
Þurrkið af með rökum klút

**ÄLSKVÄRD.** Dýnan er stíf og passar fullkomlega í vögguna og gegnir lykilhlutverki í að barnið fái öruggan og notalegan svefnstað.

40×73×3,5 cm

[405.154.22](#)

# Umhirða og þrif

## Áklæði

Flest áklæðin má taka af og þvo, sem skapar heilnæmt svefnumhverfi fyrir barnið. Þau stuðla einnig að góðu loftflæði. Öll áklæðin eru mjúk viðkomu.



Má ekki þvo



Má þvo  
á 60°C



Má þvo  
á 40°C



Má ekki  
setja í klór



Má ekki setja  
í þurrkara



Má setja í  
þurrkara á  
venjulegan hita



Má ekki strauja




Má strauja á  
venjulegum  
hita



Má ekki  
setja í  
þurrrhrensun

## Tengdar vörur



### Leiðbeiningar um umhirðu



**LEN teygjulak fyrir ungbarnarúm.** Teygjan heldur lakinu á sínum stað jafnvel þó barnið bylti sér í svefni. Úr bómull af sjálfbærari uppruna, mjúkt efni sem andar og dregur í sig raka þannig barnið sefur rótt alla nóttina.

Hvít

[501.139.38](#)




### Leiðbeiningar um umhirðu




**LEN koddur fyrir ungbarnarúm,** 35×35 cm. Fyrir 12 mánaða og eldri.

Hvít

[000.285.08](#)



### Leiðbeiningar um umhirðu



**LENAST ungbarnasæng,** 110×125 cm. Fyrir 12 mánaða og eldri.

Hvít/grátt

[703.730.58](#)



### Leiðbeiningar um umhirðu




**LEN ungbarnasæng,** 110×125 cm. Fyrir 12 mánaða og eldri.

Hvít

[600.285.10](#)



### Leiðbeiningar um umhirðu




**LEN dýnuhlíf,** 70×100 cm. Bjargvættur þegar óhapp á sér stað. Settu óhreinu dýnuhlífina í þvottinn og hreina á rúmið. Dýnan helst hrein og fersk. Úr sjálfbærri bómull og skaðlausu plasti. Efnið andar ekki; settu það því ekki undir höfuð barnsins.

Hvít

[401.433.04](#)



### Leiðbeiningar um umhirðu



**LENAST dýnuhlíf,** 60×120 cm. Verndar dýnuna fyrir slysum og vökva – og heldur barnarúminu hreinlegu og þurru. Dýnan helst þurr þar sem dýnuhlífin er með vatnsvörn sem kemur í veg fyrir að vökvi komist í gegn. Góð byrjun að öruggu og heilsusamlegu svefnumhverfi.

Hvít

[703.731.00](#)